

Nd.

409. Breytingartillögur

[5. mál]

um frv. til 1. um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. 2. mgr. orðist þannig:
Í Reykjavík, þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað af ríkislögregludeild, sbr. 3. gr., skal þó einungis endurgreiða $\frac{2}{5}$ hluta kostnaðar úr ríkissjóði.
2. Við 3. gr. Síðari málslíður fyrri mgr. orðist þannig:
Ríkislögreglumenn skulu ásamt öðrum lögreglumönnum annast sakamálarannsóknir, hafa eftirlit með útlendingum, annast umferðareftirlit á þjóðvegum og halda uppi almennri löggæzlu og reglu.
3. Við 5. gr. 1. mgr. orðist þannig:
Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins. Núverandi tollvörðum ríkisins verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.
4. 13. gr. orðist þannig:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964, og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 50 12. febrúar 1940, um lögreglumenn, lög nr. 45 5. apríl 1956 og lög nr. 61 29. marz 1961, um breyting á þeim lögum.
5. Ákvæði til bráðabirgða orðist þannig:
Ákvæði 2. gr. um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við lögreglu og löggæzlu skulu koma til framkvæmda að fullu 1. janúar 1966. Árið 1964 greiðist úr ríkissjóði $\frac{3}{10}$ hlutar af þessum kostnaði utan Reykjavíkur, en $\frac{1}{4}$ í Reykjavík. Árið 1965 greiðist úr ríkissjóði $\frac{4}{10}$ utan Reykjavíkur, en $\frac{1}{3}$ í Reykjavík.